

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 24

1. árgangur

28.7.1994

	<b>I. EES-STOFNANIR</b>	
	1. EES-ráðið	
	2. Sameiginlega EES-nefndin	
94/EES/24/01	Orðsending frá 8. júlí 1994 um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/94, 3/94, 4/94, 5/94 og 7/94 .....	01
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
94/EES/24/02	Skipan EFTA-dómstólsins og aðrar upplýsingar varðandi dómstóllinn .....	02
	<b>III EB-STOFNANIR</b>	
	1. Ráðið	
	2. Framkvæmdastjórnin	
94/EES/24/03	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87 um samning milli SAS og Flugleiða .....	03
94/EES/24/04	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um að veita fjárstuðning til 183 verkefna til að efla orkutækni - THERMIE-ÁÆTLUN .....	03
94/EES/24/05	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar sem hluti af framkvæmd tilskipunar 89/106/EBE um byggingarvörur eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 93/68/EBE .....	04

94/EES/24/06	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum .....04
94/EES/24/07	Ríkisaðstoð - nr. C 22/94 (N 53/94) - Belgía .....05
94/EES/24/08	Ríkisaðstoð - nr. C 4/94 (ex NN 103/93) - Þýskaland .....06
94/EES/24/09	Ríkisaðstoð - nr. C 19/94 (ex NN 127/94) - Frakkland .....06
94/EES/24/10	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram - (Mál nr. IV/M.480 - Sanofi/Kodak) .....07
94/EES/24/11	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram - (Mál nr. IV/M.471 - Delhaize-PG) .....08
94/EES/24/12	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 4.7. til 8.7. 1994 .....09
94/EES/24/13	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins .....10
94/EES/24/14	Reglur um upplýsingaskipti - tæknilegar reglugerðir .....11
94/EES/24/15	Útboð (almennt útboð) á sérfræðingastöðum í DG XIII .....12

**3. Dómstóllinn**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

**94/EES/24/01**

**Orðsending**  
**frá 8. júlí 1994 um gildistöku**  
**ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/94, 3/94, 4/94, 5/94 og 7/94**

1. Sameiginlegu EES-nefndinni bárust allar nauðsynlegar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins varðandi eftirfarandi ákvarðanir:
  - Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/94 frá 8. febrúar 1994 um breytingu á bókun 1 við EES-samninginn um altæka aðlögun,
  - Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/94 frá 8. febrúar 1994 um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, og
  - Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn,
2. Sameiginlegu EES-nefndinni barst síðasta nauðsynlega tilkynningin samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins varðandi eftirfarandi ákvarðanir:
  - Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/94 frá 8. febrúar 1994 um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn um samvinnu á sviði hagskýrslugerðar, og
  - Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/94 frá 8. febrúar 1994 um breytingu á bókun 37 og VII. viðauka við EES-samninginn,

hinn 28. júní 1994. Þar af leiðandi öðlast þessar ákvarðanir gildi hinn 1. ágúst 1994.

fyrir 1. júlí 1994. Þar af leiðandi öðluðust þessar ákvarðanir gildi hinn 1. júlí 1994.

Formaður sameiginlegu EES-nefndarinnar

*H. Hafstein*

# EFTA-STOFNANIR

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

### Skipan EFTA-dómstólsins og aðrar upplýsingar varðandi dómstólinn

94/EES/24/02

#### 1. Skipan dómstólsins

Á formlegum fundi hinn 4. janúar 1994 sóru Bjørn Haug, Thór Vilhjálmsson, Kurt Herndl, Sven Norberg og Leif Sevón, sem tilnefndir voru í embætti dómara EFTA-dómstólsins samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnna EFTA-ríkjanna hinn 16. júní 1993, eð í samræmi við 2. gr. bókunar 5 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (EFTA-samningurinn).

Í samræmi við 30. gr., eins og hún var aðlöguð með bókuninni til aðlögunar á EFTA-samningnum og 3. gr. bókunar 5 í EFTA-samningnum, voru Thór Vilhjálmsson og Kurt Herndl valdir með hlutkesti í embætti þeirra dómara sem láta skulu af störfum við lok fyrsta þriggja ára tímabilsins.

#### 2. Kosning forseta dómstólsins

Hinn 4. janúar 1994 kusu dómarnir Leif Sevón dómara sem forseta dómstólsins samkvæmt 30. gr. EFTA-samningsins.

#### 3. Tilnefning dómritara

Á formlegum fundi hinn 4. janúar 1994 sór Karin Hökborg, sem tilnefnd var sem dómritari EFTA-dómstólsins samkvæmt 9. gr. bókunar 5 í EFTA-samningnum, eð eins og kveðið er á um í 10. gr. bókunar 5 í samningnum.

#### 4. Tilnefning aðstoðardómritara

EFTA-dómstóllinn hefur tilnefnt Heikki Kanninen sem aðstoðardómritara samkvæmt 11. gr. starfsreglna EFTA-dómstólsins.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**94/EES/24/03**

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt**  
**2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87 um samning milli**  
**SAS og Flugleiða**

Í máli nr. IV/34.761 SAS-Flugleiðir, hefur auglýsing um útdrátt úr umsókn um undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans verið birt í Stjtíð. EB nr. C 201, 23.7.1994, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87<sup>(1)</sup>, hvað viðkemur samningi milli SAS og Flugleiða. Í þessum samningi er kveðið á um samvinnu á eftirtöldum sviðum: félagaflugskiptum, fargjaldaskiptum, flugáætlun fyrir fastafarþega, flugafgreiðslu, valinni sameiginlegri markaðssetningu og sameiginlegu húsnæði. Í þessum samningi er einnig kveðið á um samvinnu á flugleiðunum Kaupmannahöfn-Reykjavík og Kaupmannahöfn-Hamborg.

Auk matsins samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans mun framkvæmdastjórnin einnig meta samvinnuna á grundvelli 53. gr. EES-samningsins.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri, innan 30 daga frá því að auglýsingin birtist í Stjtíð. EB, og tilgreina tilvísun IV/34.761, við:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition  
Directorate D, Unit 3  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels

**94/EES/24/04**

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um**  
**að veita fjárstuðning til 183 verkefna til að efla orkutækni**

**THERMIE-ÁÆTLUN**

Framkvæmdastjórnin hefur nýlega ákveðið eftirfarandi:

- fjárhæð sem nemur 147 096 389 evrópskum mynteiningum (ECU) hefur verið veitt samkvæmt THERMIE-áætluninni sem fjárstuðningur til 183 verkefna til að efla orkutækni (I. viðauki)
- varaskrá yfir 57 önnur verkefni hefur verið tekin saman (II. viðauki)

Eintök af I. og II. viðauka er unnt að fá samkvæmt (skriflegri) beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Energy  
THERMIE 94  
Rue de la Loi 200, TERV 1/1  
B-1049 Brussels  
Bréfasímanúmer: +32 2 295 05 77

(<sup>1</sup>) Stjtíð. EB nr. L 374, 31.12. 1987, bls. 1.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar sem hluti af framkvæmd 94/EES/24/05  
tilskipunar 89/106/EBE um byggingarvörur eins og henni var breytt  
með tilskipun ráðsins 93/68/EBE**

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar sem hluti af framkvæmd tilskipunar 89/106/EBE<sup>(1)</sup> um byggingarvörur eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 93/68/EBE<sup>(2)</sup> var birt í Stjttíð. EB nr. C 206, 26.7.1994. Framkvæmdastjórnin birti í upplýsingaskyni heiti stofnana sem hafa leyfi til að gefa út evrópsk tæknisamþykki í Belgíu, Danmörku, Þýskalandi, Spáni, Frakklandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg, Hollandi, Portúgal og Stóra-Bretlandi.

**Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. 94/EES/24/06  
EB-sáttmálans  
Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum**

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til til að styðja Aluminium Gießerei Villingen GmbH, ríkisaðstoð nr. N 549/93 - Þýskaland (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina um svæðisbundna fjárfestingu sem Þýskaland lagði til handa TTR Thyssen Rohstoff-Recycling GmbH til að auka rými vegna endurvinnslu brotajárns, ríkisaðstoð nr. N 14/93 - Þýskaland (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina til skipasmíða sem Þýskaland veitti Indónesíu, ríkisaðstoð nr. N 290/92 - Þýskaland (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina til skipasmíða sem Þýskaland veitti Kína, ríkisaðstoð nr. N 18/94 - Þýskaland (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina til skipasmíða sem Þýskaland veitti Kamerún, ríkisaðstoð nr. N 354/92 - Þýskaland (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Spánn bauð spænsku sérhæfðu stálfélögunum Aforasa og Pesa, ríkisaðstoð nr. N 10/94 - Spánn (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Holland lagði til til að aðlaga fiskveiðigetu fyrir 1994, ríkisaðstoð nr. N 202/94 - Holland (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði til til að styrkja fiskiðnaðinn, ríkisaðstoð nr. N 281/94 - Spánn (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina um fjárfestingu vegna bændaferða í Saxlandi sem býður staðaryfirvöldum og einkaaðilum í ákveðnum sveitahéruðum í Saxlandi fjárhagsaðstoð, ríkisaðstoð nr. N 751/93 - Þýskaland (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað breytta áætlun vegna styrkja sem taka til lánskostnaðar vegna útlutnings í Hollandi, ríkisaðstoð nr. N 52/94 - Holland (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Frakkland lagði til til að hvetja fyrirtæki til að fá álit utanaðkomandi ráðgjafa um hvernig þau geti bætt afköst sín, ríkisaðstoð nr. N 89/94 - Frakkland (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 40, 22.3.1989, bls. 12.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 330, 4.8.1993, bls. 1.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til vegna eiginfjárlánsáætlunar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, ríkisaðstoð nr. N 110/94 - Þýskaland (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað danska ábyrgðaaætlun vegna félaga með áhættufé sem sjá nýstárlegum litlum og meðalstórum fyrirtækjum fyrir eigin fé, ríkisaðstoð nr. N 178/94 - Danmörk (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Spánn lagði til vegna samvinnufélaga og félaga með takmarkaða ábyrgð í Katalóníu, ríkisaðstoð nr. N 194/94 - Spánn (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði til til að hvetja til þróunar og aukningar viðskipta í Andalúsíu, ríkisaðstoð nr. N 196/94 - Spánn (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði til vegna fyrirtækja sem miða að því að skapa ný störf, ríkisaðstoð nr. N 197, 198 og 199/94 - Spánn (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað ákveðnar breytingar á dönsku áætluninni um að koma á sérstökum föstum kostnaði vegna tekjuskatts fyrir vísindamenn og framkvæmdastjóra sem búsettir eru erlendis, ríkisaðstoð nr. N 307/94 - Danmörk (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað svæðisbundna aðstoð sem Breska konungsríkið lagði til til handa Jaguar Cars Limited til stuðnings fjárfestingarverkefnis, ríkisaðstoð nr. N 81/94 - Breska konungsríkið (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

**Ríkisaðstoð**  
**nr. C 22/94 (N 53/94)**  
**Belgía**

**94/EES/24/07**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans að því er varðar aðstoð sem Belgía lagði til handa B.V.B.A. D.S. Profil til stuðnings vegna hluta af fjárfestingarkostnaði í nýrri starfstöð fyrir framleiðslu á pólýestertrefjum og frekari vinnslu þess í vattefni (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar við:

Commission of the European Communities  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Belgíu.

**Ríkisaðstoð**  
**nr. C 4/94 (ex NN 103/93)**  
**Þýskaland**

94/EES/24/08

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans að því er varðar aðstoðina sem Þýskaland kom á vegna áframhaldandi fjármögnunar á enduruppbyggingu Leuna AG (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 206, 26.7.1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar við:

Commission of the European Communities  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

**Ríkisaðstoð**  
**nr. C 19/94 (ex NN 127/94)**  
**Frakkland**

94/EES/24/09

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans að því er varðar aðstoðina sem Frakkland veitti Cellulose du Rhône et de l'Aquitaine (CDRA) (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 206, 26.7.1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar við:

Commission of the European Communities  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Frakkland.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram****94/EES/24/10****(Mál nr. IV/M.480 - Sanofi/Kodak)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13.7.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem Sanofi, sem lýtur yferráðum Elf Aquitaine, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryferráð yfir Sanofi Winthrop, sem nú er undir sameiginlegum yferráðum Sanofi og Kodak, með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Sanofi: Lyf, matvæli, ilmvötn og snyrtivörur
  - Sanofi Winthrop: Lyfseðilskyld lyf
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjótt. EB nr. C 200, 22.7.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/ M.480 - Sanofi/Kodak, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels.

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjótt. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram****94/EES/24/11****(Mál nr. IV/M.471 - Delhaize-PG)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18.7.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Delhaize „The Lion“ BV, sem lýtur yfirlitum Delhaize „Le Lion“ SA, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir PG-samstæðunni með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Delhaize: Dreifing matvæla og annarra vara
  - PG-samstæðan: Dreifing matvæla og annarra vara
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjóttíð. EB nr. C 201, 23.7.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/ M.471 - Delhaize-PG, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels.

(<sup>1</sup>) Stjóttíð. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjóttíð. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin  
sendi ráðinu á tímabilinu 4.7. til 8.7. 1994**

94/EES/24/12

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíð- ufjöldi
COM(94) 109	CB-CO-94-118-EN-C <sup>(1)</sup>	Tillaga að tilskipun ráðsins um gæðamat og eftirlit með andrúmslofti í umhverfinu	4.7.1994	4.7.1994	43
COM(94) 147	CB-CO-94-154-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um vörugjöld á vélareldsneyti sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum	1.7.1994	4.7.1994	8
COM(94) 275	CB-CO-94-292-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um tölfraeðiskýrslur í tengslum við vöru- og farþegaflutninga á sjó	4.7.1994	4.7.1994	36
COM(94) 214	CB-CO-94-265-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB, KBE) um verndun fjárhagslegra hagsmuna bandalagsins  Tillaga að gerð ráðs Evrópusambandsins um samning um verndun fjárhagslegra hagsmuna bandalagsins	15.6.1994	7.7.1994	21
COM(94) 280	CB-CO-94-295-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um Lingua-áætlunina Starfsskýrsla fyrir árið 1993	6.7.1994	7.7.1994	50
COM(94) 282	CB-CO-94-298-EN-C	Skýrsla um framkvæmd verndarráðstafana KBE 1991-1992	6.7.1994	7.7.1994	64
COM(94) 680	CB-CO-94-731-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um vistfræðileg gæði vatns	15.6.1994	8.7.1994	43
COM(94) 284	CB-CO-94-300-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um lágmarksheilbrigðis- og öryggiskröfur vegna hættu sem starfsmönnum stafar af mengunarefnum Stök tilskipun í tengslum við 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE	8.7.1994	8.7.1994	40
COM(94) 289	CB-CO-94-306-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að skapa ný störf og styðja lítil og mjög smá fyrirtæki í Norður-Afríkulöndunum	7.7.1994	8.7.1994	10
COM(94) 292	CB-CO-94-308-EN-C	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu á landbúnaðarafurðum og leiðbeiningar er vísa til þeirra á landbúnaðarafurðum og matvælum	7.7.1994	8.7.1994	5
COM(94) 293	CB-CO-94-309-EN-C	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um bann við notkun tiltekinna efna í búfjárrækt sem hafa hormóna- eða skjaldkirtilsvirkni svo og notkun betablokka	7.7.1994	8.7.1994	5
COM(94) 294	CB-CO-94-310-EN-C	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um ráðstafanir til að hafa eftirlit með tilteknum efnum og leifum þeirra í dýrum á fæti og dýraafurðum	7.7.1994	8.7.1994	6
COM(94) 295	CB-CO-94-311-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu og leiðréttingu á tilskipun 64/432/EBE um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín	7.7.1994	8.7.1994	5
COM(94) 281	CB-CO-94-297-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um Erasmus-áætlunina Ársskýrsla 1993	6.7.1994	7.7.1994	44

<sup>(1)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin  
birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins**

94/EES/24/13

Kóði	Titill	Birting í Stjttð. EB
COM(94) 230	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um verndun heilbrigðis og öryggis starfsfólks gegn áhættu sem tengist mengunarefnum á vinnustað	Stjttð. EB nr. C 191, 14.7.1994
COM(94) 238	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hettulegum vörum á vegum	Stjttð. EB nr. C 192, 15.7.1994
COM(94) 239	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um framkvæmd ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), A. 747(18), um beitingu mælingareglna um aðgreinda sjókjölfestugeyma í olúflutningaskipum	Stjttð. EB nr. C 192, 15.7.1994
COM(94) 203	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) til breytingar á reglugerð (EBE) nr. 3928/92 um að koma á tilraunaeftirlitskerfi Norðvestur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NAFO) fyrir skip bandalagsins á veiðum á umráðasvæði Norðvestur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar	Stjttð. EB nr. C 193, 16.7.1994
COM(94) 220	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um að koma á evrópsku tilkynningakerfi fyrir skip á hafsvæðum aðildarríkja bandalagsins	Stjttð. EB nr. C 193, 16.7.1994
COM(94) 228	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um að koma á evrópskum nefndum eða aðferðum í fyrirtækjum og fyrirtækjasamstæðum sem eru mikilvæg á bandalagsmælikvarða í því skyni að upplýsa starfsmenn og hafa samráð við þá	Stjttð. EB nr. C 199, 21.7.1994
COM(94) 252	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins til breytingar á tilskipun 91/628/EBE um vernd dýra meðan á flutningi stendur	Stjttð. EB nr. C 200, 22.7.1994

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

94/EES/24/14

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjótíð. EB nr. L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjótíð. EB nr. L 81, 26.3. 1988, bls. 75).  
Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
94-0106-UK	MPT 1407- Lýsing á tæknilegum eiginleikum og skilyrði tíðniúthlutunar fyrir: fjarskiptatæki og loftnet í fastasamböndum hjá einkaaðilum sem vinna á tíðnisviðinu 7,425 - 7,900 GHz	29.9.1994
94-0122-GR	Drög að tæknilegri reglugerð varðandi „ákvörðun um reglur og fylgiskjöl vegna útgáfu leyfa til að koma á fót og starfrækja bakarí, brauðbúðir, ofna til að baka í brauð og smákökur, til að selja, tilreiða og pakka brauði í sætabrauðsgerðum, mjólkurbúðum og öðrum búðum sem selja bæði matvæli og sætindi“	31.8.1994
94-0123-D	Skrá A og C í byggingareglugerðum, janúarútgáfa 1994	8.9.1994
94-0124-UK	Vélareldsneyti (samsetning og innihald) reglugerðir frá 1994	31.8.1994
94-0125-DK	Tæknileg reglugerð um slökkvibúnað um borð í skipum þar sem blandaðar lofttegundir eru notaðar	5.9.1994
94-0126-UK	Breska lyfjaskráin fyrir 1993, breytingar nr. 2	<sup>(3)</sup>
94-0127-DK	Tæknileg reglugerð um CO <sub>2</sub> -búnað til eldvarna í vélarrými skipa sem eru ekki lengri en 24 metrar og eldvarna í litlum klefum um borð í öllu skipum	5.9.1994
94-0129-F	Drög að fyrirmælum um gera staðalinn NF G 28-002, eða sambærilega staðla, skyldubundna	5.9.1994
94-0130-NL	Fyrirmæli um notkun áburðartækja fyrir efni sem notuð eru til að vernda uppskeru	19.9.1994
94-0131-GR	Tæknileg reglugerð „drög vegna grískra greinargerða“.	<sup>(3)</sup>
94-0132-D	Gerðarsamþykkisforskrift BAPT 221 ZV 08 fyrir talstöðvar í C-netkerfinu	8.9.1994
94-0133-D	Gerðarsamþykkisforskrift BAPT 223 ZV 5 um notendabúnað til tengingar við hliðrænar sjálfvirkar tengingar (að undanskildum neyðarkallstengingum og beinum valtengingum) í ISDN-símkerfinu í fjarskiptadeild þýsku póst- og símamálastofnunarinnar	2.9.1994
<sup>(4)</sup>		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjótíð. EB nr. C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. mars 1989 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. maí 1994.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

**Útboð (almennt útboð) á sérfræðingastöðum í DG XIII****94/EES/24/15**

## I. DG XIII (XIII/1)

J. Hamacher - Head of Personnel Unit  
Rue de la Loi 200  
B - 1049 Brussels  
símanr.: +32 2 296 80 27  
telex: 28177 (Comeu B)  
bréfasímanr.: +32 2 296 83 61

## II. Stjórnardeild XIII sér fram á þörf fyrir tímabundna tæknilega aðstoð á ýmsum sviðum sem hún er ábyrg fyrir.

14 stöður eru fyrirhugaðar á eftirfarandi sviðum:

Stöður í stjórnardeild C (Tækniþróun varðandi fjargagnaflutningabúnað (netkerfi og þjónusta))

C-1 Samræming fjargagnaflutningaverkefna sem fela í sér upplýsingatæknibúnað

C-2 Samræming fjargagnaflutningaverkefna sem fela í sér nútímafjarskipti og netþjónustu

C-3 Áætlanagerð og nýbreytni á sviði fjarvinnu

C-4 Fjargagnaflutningabúnaður (fjarvinna og fjarþjónusta) og verkefnastjórnun

C-5 Fjargagnaflutningabúnaður í Evrópu og verkefnastjórnun

C-6 Fjarskiptanet og -uppbygging fyrir fjarkennslukerfi og verkefnastjórnun

C-7 Fjargagnaflutningar á sviði heilsugæslu og verkefnastjórnun

C-8 Fjargagnaflutningabúnaður á sviði umhverfismála og verkefnastjórnun

C-9 Upplýsinga- og fjarskiptatækni sem tekur til járnbrauta og verkefnastjórnun

C-10 Fjarskipti fyrir fjargagnaflutninga á sviði vegamála

C-11 Rannsóknir á flugumferðarstjórn (ATC) og verkefni með sérstakri hliðsjón af ATC-reglum, aðferðum og alþjóðlegum stöðlum

C-12 Rannsóknir á flugumferðarstjórn og verkefni með sérstakri hliðsjón af notkun nýrra aðferða og nútímataækni til að auka afköst

C-13 Rannsóknir á umferðarstjórn og verkefni með sérstakri hliðsjón af fjarskiptum, leiðsögu og eftirliti einkum á sviði flutninga í lofti

C-14 Rannsóknir á umferðarstjórn og verkefni með sérstakri hliðsjón af fjarskiptum milli loftfars og jarðar, fjarskiptum á jörðu og gervihnattasamskiptum

- III. Vinnustaðurinn verður í húsakynnum framkvæmdastjórnarinnar í Brussel.
- IV.
- V. Heimilt er að leggja inn umsókn um fleiri en eina stöðu.
- VI.
- VII. Samningarnir eru fyrirhugaðir til eins árs í upphafi (220 virkir dagar). Framkvæmdastjórninni er í sjálfsvald sett að framlengja þetta tímabil tvisvar eða í allt að þrjú ár (660 virkir dagar).
- VII. Umsóknir, sem heimilt er að fylla út á hvaða opinbera tungumáli EES sem er, skulu sendar, innan 22 daga frá birtingu þessarar auglýsingar, til:

European Commission  
DG XIII/1 (BU24 4/13)  
Rue de la Loi 200  
B - 1049 Brussels

- IX.
- X.
- XI.
- XII. Þessu útboði er beint til sjálfstætt starfandi einstaklinga eða lögaðila.
- XIII. Leggja ber fram skrá yfir helstu þjónustu sem veitt hefur verið undanfarin þrjú ár ásamt fjárhæðum, dagsetningum og þiggjendum þessarar þjónustu, hvort sem um er að ræða opinbera aðila eða einkaaðila:
- ef hún var veitt samningsyfirvöldum skal vitnisburður vera í formi vottorða sem eru gefin út eða meðárituð af hinu lögbæra yfirvaldi,
- ef hún var veitt einkaaðilum skal kaupandi þjónustunnar votta afgangið eða, sé það ekki gert, skal sá sem þjónustuna veitti einfaldlega gefa út yfirlýsingu um að afgangið hafi farið fram.
- Yfirlýsing um meðaltalsmannaflokk þess sem veitir þjónustuna á ári og fjölda starfsfólks í stjórnunarstöðum á næstliðnum þremur árum.
- XIV. Tilboðið gildir í 12 mánuði frá lokadegi tilkynningarinnar um útboð.
- XV. Nákvæmar upplýsingar um viðmið sem notuð verða við mat á tilboðum verða sendar með formlegu boði um útboð.

XVI.

XVII.

XVIII.